

Ársskýrsla Grunnskóla Önundarfjarðar og Leikskólans

Grænagarðs

Skólaárið 2016-2017



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Nemendur og starfsfólk	4
1.1 Fjöldi nemenda	4
Breytingar milli ára	4
Búseta og skólaakstur	4
Starfsfólk	4
Forföll og leyfi starfsfólks	5
Forföll og leyfi nemenda	5
2. Skipulag	5
Starfstími	5
Daglegt skipulag	6
Grunnskóli	6
Leikskóli	6
Leikskóli	6
Vetrarfrí	7
Skóla-og tómstundasvið	7
Samstarf skólanna	7
Mötuneytismál	7
3. Félagsstarf Grunnskóli Öfundarfjarðar	8
Skólabúðir	8
Norræna skólahlaupið	8
Vorferð	8
Íþrótt- og leikjadagar	8
Stóra upplestrarkeppnin	8
Nemendaráð	8
Félagsstaf á Grænagarði	8
Sameiginleg félagstörf skólanna	9
Aðventan - Árshátíð	9
Sýning á vinnu nemenda	9
Aðkeypt þjónusta	10
4. Heimsóknir og ferðir	10
List fyrir alla	10
5. Samræmd próf	10
Samræmd próf í 4. og 7. bekk	10

Samræmd próf í 9. bekk.....	10
6. Próunarverkefni	10
Læsi til náms.....	10
Upplýsingatækni	11
Stillum saman strengi á Grænagarði.....	11
7. Samstarf heimila og skóla	12
Foreldrafundir	12
Foreldrafélag.....	12
Skólaráð.....	12
Viðhald.....	12
8. Starfsmarkmið	13
Grunnskólinn	13
Mat á starfsmarkmiðum Grunnskóla Öfundarfjarðar	14
Leikskólinn	15
Mat á starfsmarkmiðum Leikskólans Grænagarðs.....	16
Starfsmats	16
Gjafir.....	16
9. Fjárhagsáætlun.....	17
10. Lokaorð	17

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf á Flateyriskóla skólaárið 2016 – 2017. Spannar skólaárið frá 1. ágúst til 30. júní þegar leikskólinn fer í sumarfrí. Þetta er í fyrsta sinn sem skýrslu leik- og grunnskólans eru settar saman frá því að sami skólastjóri var settur yfir báðum stofnunum árið 2012.

Grunnskóli Öfundarfjarðar stendur í norðvestur jaðri þorpsins. Skólahúsið er rúmir 700 fermetrar á tveimur hæðum. Skólahúsið var fyrst tekið í notkun árið 1961. Þar örskammt frá er nýlegt íþróttahús ásamt undlaug og nýjum sparkvelli. Upphaflega hófst skólahald á Flateyri 1903 á Grundarstíg 14. Fyrsta skólaárið 1903-1904 voru 25 nemendur í skólanum í fjórum árgöngum og var þeim kennt í tveimur hópum. Þá bjuggu um 200 manns á Flateyri. Í upphafi skólaárs 2016-2017 voru 18 nemendur í skólanum, 2 nemendur í 1. bekk, 5 nemandi í 2. bekk, 1 nemandi í 3. bekk, 1 nemandi í 4. bekk, 1 nemandur í 5. bekk, 3 nemendur í 6. bekk, 14 nemandi í 7. bekk og 3 nemendur í 9. bekk, sem kennt var í tveimur hópum.

Leikskólinn Grænigarður hóf starfsemi sína í desember 1996. Skólinn var reistur fyrir gjafafé fá færeysku þjóðinni sem hún safnaði eftir að snjóflóð féll á Flateyri í október 1995, en þar eyðilagðist meðal annars leikskólinn Brynjubær sem hafði hýst starf leikskólans áður. Grænigarður er 400 fm bjálkahús með rými fyrir 42 börn í heilsdagsvistun. Á efri hæð hússins er félagsmiðstöð fyrir unglingana á staðnum, en síðastliðin tvö ár hefur hún jafnframt verið notuð fyrir dægradvöl. Við Grænagarð er skjólsæll garður.

1. Nemendur og starfsfólk

1.1 Fjöldi nemenda

Í upphafi skólaárs voru nemendur grunnskólans, 19, 15 stúlkur og fjórir drengir. Samkenndsla var í 1.-4. bekk og 5.-9. bekk en engir nemendur voru í 8. og 10. bekk. Á skólaárinu hættu fjórir nemendur og einn kom inn í staðin, í lok skólaárs stunduðu því 16 nemendur nám við skólann.

Á Grænararði voru nemendur í upphafi skólaárs tíu. Tveir fimm ára drengir, þrír þriggja ára drengir og fimm árgömul börn, þrjár stúlkur og tveir drengir. Fjögur af þessum börnum komu frá Ísafirði og hættu í leikskólanum eftir áramót þegar þau fengu pláss á leikskólum nær sínum heimilum. Í maí kom inn árgamall drengur og í lok skólaársins voru börnin sjö. Fimm börn úr 1.-2 bekk voru í dægradvöl.

Breytingar milli ára

Nemendafjöldi skólans er áhyggjuefni en nemendum hefur fækkað um sextán á síðustu tíu árum. Nokkrar sveiflur hafa verið í nemendafjölda ár frá ári og jafnvel innan skólaára, á þetta bæði við um leik- og grunnskólann.

Búseta og skólaakstur

Flestir nemenda beggja skóla búa á Flateyri. Þrír nemendur koma frá Hóli í Öfundarfirði. Foreldrar sjá um skólaakstur þeirra.

Starfsfólk

Fastir kennarar, leiðbeinendur, stundakennarar ásamt skólastjóra í leik- og grunnskólanum voru ellefu til tólf. Tveir grunnskólakennarar voru í 100% starfi, þrír stundakennarar sem kenndu 3-6 tíma á viku, skólaliði í 75% starfi, matráður í 62,5% starfi, deildarstjóri leikskóla í 100% starfi, leikskólakennari í 87,5% starfi og starfsmaður í afleysingu og ræstingu í 100% starfi.

Unnur Björk Arnfjörð skólastjóri,

Guðmunda Agla Júlíusdóttir umsjónarkennari

Ingeborg Edda Graichen umsjónarkennari

Grétar Eiríksson íþróttakennari

Dagný Arnalds tónmenntakennari

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir danskennsla

Una Lára Waage skólaliði frá 16. janúar 2017

Lísa Sigurðardóttir var skólaliði til 15 janúar 2017 og kom í forföllum í leikskólanum á fyrri hluta árs.

Sæbjörg Freyja Gísladóttir (í fæðingarorlofi)

Joanna Majewska deilarstjóri Grænararðs 2016-2017

Svanbjörg Gróa Hinriksdóttir í blönduðu starfi afleysingar og ræstingar,

Steinunn Aldís Einarsdóttir 87,5% (frá 1. janúar 2017)

Grazyna Posnik 100% starf leikskólakennara til 31. desember 2016 og í afleysingum eftir áramót.

Guðrún B. Guðmundsdóttir matráður 62,5%.

Henný Þrastardóttir skólahjúkrunarfræðingur

Jónína M. Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi

Forföll og leyfi starfsfólks

Síðasta vetur voru forfallatímar grunnskólans fremur fáir. Forfallatímar voru unnir sem skiptivinna að hluta. Enginn heill kennsludagur féll niður vegna forfalla kennara eða leyfisveitinga. Forföll vegna veikinda voru fimm dagar hjá kennurum og skólaliðum, veikindaleyfi vegna barna tveir og vegna leyfist tólf dagar. Kennari í hlutastarfi fór í langtímaveikindaleyfi í lok mars og kom ekki aftur á skólaárinu.

Mannaráðningar á Grænagarði voru afar erfiðar strax í upphafi skólaárs. Þrátt fyrir að auglýst væri eftir starfsfólki bárust fáar umsóknir. Leikskólakennari sem áður hafði sagt upp störfum hélt áfram fram í september og þá var starfsmaður ráðinn í framhaldinu fram að áramótu. Mikið var um veikindi og leyfi starfsfólks.

Veikindi og leyfi starfsfólks á Grænagarði voru eftirfarandi

Veikindi barna 114 klst eða 14,25* vinnudagar

Launalaust leyfi 8 dagar

Veikindi starfsfólks, 1018 klst eða 127,25* dagar

Launað leyfi 1 dagur.

**Miðað við 8 klst vinnudag*

Deildarstjóri Grænagarðs fór í fæðingarorlof 27. nóvember 2016.

Forföll og leyfi nemenda

Fjarvistardagar nemenda í vetur voru eingöngu vegna veikinda og leyfa. Hér á eftir koma upplýsingar úr Mentor:

Leyfis dagar 94 dagar og 19 stundir eða 5,9 dagar á hvern nemanda, veikindi 32 dagar 23 stundir eða 2 dagar á hvern nemanda, seint 70 stundir eða 4,4 stundir á nemenda, fjarvist 1 dagur og 3 stundir og leyfi vegna óveðurs 1 dagur (nemandi komst ekki með flugi frá Reykjavík) og 4 stundir (akstursnemendur komust ekki af stað strax). Kennsla í skólanum féll aldrei niður vegna veðurs.

Upplýsingar um forföll nemenda á Grænagarði liggja ekki fyrir.

2.Skipulag

Starfstími

Samkvæmt ákvörðun fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar var starfstími grunnskóla 36 vikur eða 180 dagar þ.e. foreldradagar, kennslu- og prófdagar nemenda. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma skóla voru fimm. Starfsdagar utan skólatíma voru átta, fimm í upphafi skólaárs í ágúst og þrír í maí/júní. Á skólaárinu 2016 – 2017 fékk skólinn úthlutað 77 stundum til að sinna almennri kennslu og voru þeir allir nýttir.

Starfstími Grænagarðs er frá 8. ágúst til 30. júní og er leikskólinn lokaður í fimm vikur að sumri. Starfsdagar eru þrír, einn námskeiðsdagur og þrír starfsmannafundir þar sem lokað er hálfan daginn.

Daglegt skipulag

Grunnskóli

Skólinn var opnaður kl. 07.50 á morgnana og voru yngri nemendur í augsýn kennara til kl. 8.00. Eldri nemendur gátu farið inn stofur sínar þar til kennsla hófst kl. 8.00. Allri kennslu var lokið í skólanum um kl. 14:30 misjafnt eftir aldri nemenda. Kennslutilhögun var þannig að námstímanum var skipt í tvær annir hjá öllum árgöngum og próf (námsmat) í lok hvernar annar.

Nemendum í 1.-4.bekk var kennt 30 kst á viku, nemendur í 5.-6 bekk 34 kst og 7.-9. bekk 36 kst.

Leikskóli

Grænigarður opnaði kl. 8:00 á morgnanna og lokar kl. 16:00 alla dag. Skipulag dagsins á Grænagarði, jafnvægi á milli mismunandi þátta á milli frjálsra og skipulagrða leikja, inni og úti. Dagskipulagði var endurskoðað eftir sumarfrí með samsetningu og þarfir barnahópsins í huga.

Leikskóli

Leikskólinn Grænigarður er einsetinn leikskóli og er miðað við að börnin séu komin í hann þegar hópatíminn hefst kl. 9:15. Síðastliðin vetur opnaði leikskólinn kl. 8:00 og lokaði kl. 16:00.

Dagskrá leikskólans var í föstum skorðum.

Kl. 8:00 - 8:30	Leikskólinn opnar, róleg stund – frjáls leikur.
Kl. 08.30– 08:45	Morgunstund.
kl. 8:45– 9:15	Morgunverður.
Kl. 9:15-9:45	Hópatími.
kl.9:45– 10.30	Valtími.
kl.10.30 – 11.30	Útivera (dans í 30 mín á miðvikudögum).
kl. 11.30 – 12.00	Hádegisverður.
kl. 12.00 – 12.30	Hvíld, róleg stund.
kl. 12.30 – 13.30	Valtími, leikir á leiksvæðum (íþróttahúsið kl. 12:30 á þriðjudögum í 40 mín).
kl. 13.30–14:30.	Hópastarf.
kl.14:45 -15:15	Söngvastund og kaffitími.
kl. 15.15 – 16:00	Leikir á leiksvæðum og leikskólinn lokar, kveðjur.

Vetrarfrí

Vetrarfrí Grunnskólans var 11 og 14. nóvember. Engin sérstök frí voru á Grænagarði utan starfs- og námskeiðsdaga.

Skóla-og tómstundasvið

Skóla- og tómstundasvið sér m.a. um að greina nemendur og gera tillögur um úrræði til kennara varðandi nemendur sem eiga í náms- eða hegðunarerfiðleikum. Einnig sér skrifstofan um kennsluráðgjöf ef óskað er. Margrét Halldórsdóttir er sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir er skóla- og sérkennslustjóri.

Samstarf skólanna

Samstarf leikskólans Grænagarðs og Grunnskóla Önundarfjarðar hefur verið að aukast undanfarin ár enda hafa stofnarnar sama skólastjórnanda og því mikilvægt að skólarnir verði sameinaður ef sami stjórnandi á að vera yfir báðum skólum. Elstu nemendur Grænagarðs komu í vikulegar heimsóknir, klukkutíma í senn til að læra á skólann og venja sig við fyrir næsta vetur. Dægradvölin var staðsett á efri hæðinni á Grænagarði. Skólarnir hafa m.a. sameinast um að kaupa leiksýningar fyrir nemendur og héldu jólaball saman, Dag íslenskrar tungu og þorablóta saman, auk þess sem þau fóru saman í Sólargöngu í vor. Tveir elstu hópar leikskólans komu í íþróttahúsið einu sinni í viku. Möguleikar á enn frekara samstarfi eru miklir.

Mötuneytismál

Skólarnir fá hádegisverð sem útbúinn er í Félagsbæ fimm daga vikunnar. Á þessu skólaári var hádegisverðinum flýtt um 40 mínútur í grunnskólanum og þrjátíu mínútur í leikskólanum. Komið var með matinn á Grænagarð og sá skólaliði um það en nemendur grunnskólans fengu sér göngutúr og borðuðu matinn í Félagsbæ. Mæltist það vel fyrir bæði hjá börnum og foreldrum. Einungis þurfti að koma með matinn í örfá skipti í skólann vegna veðurs eða vegna þess að Félagsbær var í annarri notkun.

Starfsfólk leikskólans sér um að útbúa morgunverð og síðdegishressingu fyrir börnin. Mikilvægt er að fylgjast vel með hvað er í boði hverju sinni og brydda upp á nýjungum. Skipt var út blárri mjólk fyrir gula, fyrir eldri nemendurnar, tekinn út púðursykur á AB-mjólkina og boðið upp á músli í morgunverð. Í haust verður yngstu börnunum boðið upp á Stoðmjólk, ásamt því sem meiri áhersla verður lögð á gróft brauð og aukna grænmetisneyslu í leikskólanum.

Nemendur grunnskólans gátu keypt mjólk í frímínútum en komu að öðru leyti sjálfir með nesti að heiman. Næsta haust verður nemendum boðið upp á að kaupa ávexti í frímínútum og morgunkorn, auk mjólkurinnar. Í grunnskólanum var líka skipt úr blárri mjólk í gula d-vítamínbætta mjólk.

3. Félagsstarf Grunnskóli Öfundarfjarðar

Skólabúðir

Fjórir nemendur fóru ásamt nemendum í skólum Ísafjarðarbæjar á Reyki í upphafi skólaárs. Heimsóknin er skipulögð af kennurum skólabúðanna og sáu þeir um kennslu þann tíma sem nemendur dvöldu á Reykjum. Skólinn greiddi dvalarkostnað barnanna og einnig ferðir og laun eftirlitsmanns.

Norræna skólahlaupið

Allir nemendur skólans hlupu í Norræna skólahlaupinu sem fór fram 25. september. Nemendur í eldri bekkjum hlupu tvo hringi um þorpið en þeir yngstu einn hring.

Vorferð

Vorferðin í ár var í Vigur. Var farið snemma af stað frá Flateyri og ekið sem leið lá til Ísafjarðar. Þar tóku Kiddý og Hafsteinn á móti okkur og sigldu með okkur á spegilsléttum sjónum í Vigur. Þar tóku staðarhaldarar á móti okkur og fræddu nemendur, kennara og foreldra um lífið á eyjunni. Endað var í hádegisverði. Mæltist ferðin afar vel fyrir og höfðu mjög fáir nemenda farið í Vigur. Heimkoma var um kl. 14. 00. Fimm ára nemendur leikskólans koma alltaf með í vorferðir grunnskólans og er það hluti af því að bjóða nýja nemendur velkomna í skólann.

Íþrótt- og leikjadagar

Íþróttahátíð 1.-7. bekkjar fór fram 7. október á Þingeyri. Þessi hátíð er með dálítið öðru sniði en vant er, ekki hefðbundin íþróttakeppni. Þátttakendur eru Grunnskólarnir á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Súðavík. Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin þann 9. október. Tveir nemendur af þremur tóku þátt í hátíðinni.

Stóra upplestrarkeppnin

Skólinn tók þátt í Stóru upplestrarkeppninni í vetur. Forkeppni litlu skólanna var haldin á Þingeyri og komst Einar Arnalds í stóru keppnina í Hamri á Ísafirði. Stóð hann og allir nemendur 7. bekkjar grunnskólans sig með stakri þrýði í þeim keppnum sem þau kepptu í.

Nemendaráð

Kosið var í nemendaráð frá 5.-9. bekk. Einn nemandi var úr 5. og 6. bekk og tveir úr 7. og 9. bekk. Sá nemendaráðið m.a. um Sílaballið sem haldið er á eftir árshátíðinni. Efla þarf nemendaráð á næsta skólaári.

Opið hús var 1. desember þegar foreldrar komu í heimsókn og kynntu sér skólastarfið.

Félagsstaf á Grænagarði

Þann 1. desember varð Grænigarður 20 ára. Haldið var upp á daginn þann 7. desember þar sem öllum var boðið í kaffi, auk þess sem sett var upp sýning á verkum nemenda og gamlar myndir úr starfi skólans

síðastliðin 20 ár voru til sýnis. Leik- og grunnskólabörnin buðu upp á piparkökur sem þau höfðu sjálf bakað og skreytt.

Elstu nemendur Grænagarðs fóru í heimsókn á Ísafjörð þar og voru við opnum samsýningar listasýningar allra leikskólanna þann 8. júní. Þau sungu líka nokkur vorlög ásamt vinum sínum á hinum leikskólunum. Eftir að börnin voru búin að skoða sýninguna fóru þau í heimsókn á slökkvistöðina, lögreglustöðina og enduðu í pizzuveislu í Hamraborg ásamt nemendum leikskólanna á Suðureyri og Þingeyri.

Annað uppbrot í leikskólanum má nefna sýndu og segðu frá. Þá komu börnin með einn hlut að heiman, stigu í pontu og sögðu frá.

Á hjóladegi komu börnin á hjólunum sínum og bæði þau og kennarar æfðu sig á ýmsum hjólaþrautum. Í leikskólanum voru einnig haldnir litadagar, til dæmis gulur og rauður dagur. Þá klæddust börn og starfsfólk fatnaði í þemalit dagsins og borðu mat sem er í þeim lit. Á öskudaginn fóru börnin og sungu fyrir gotterí í fyrirtækjum og stofnunum á Flateyri. Eftir hádegi var kötturinn sleginn úr tunnunni og börnunum boðið upp á popp.

Páskaeggjaleit var haldin fyrir páska 12. apríl. Öll börnin leituðu og fengu páskaegg sem búið var að fela. Páskaegg voru merkt með nafnaspjaldi, hvert barn fékk sér eitt egg, sem það tók með sér heim.

Sameiginleg félagstörf skólanna

Aðventan - Árshátíð

Hefðbundnar athafnir voru samkvæmt áætlun og tókust allar mjög vel. Boðið var aftur upp á laufabrauðsbakstur, eftir smá hlé, í Grunnskólanum og mættu flestir ef ekki allir foreldrar og nemendur grunn- og leikskólans. Litlu-jólin voru haldin þriðjudaginn 20. desember, síðasta skóladag fyrir jólaeyfi grunnskólanema. Hittumst nemendur leik- og grunnskólans á Grænagarði og héldu saman jólaball þar sem jólasveinninn kom í heimsókn. Eftir jólaballið fóru allir saman í Félagsbæ og borðuðu saman jólamat. Árshátíð skólans var haldin fimmtudaginn 23. mars. Líkt og síðustu ár unnu allir nemendur saman að einni stórri sýningu og settu þeir upp *Ronju Ræningadóttur* í leikgerð Borgarleikhússins. Aðsókn gesta var mjög góð eins og áður og alls komu um 70 gestir á sýninguna. Foreldrafélagið sá um kaffisölu á árshátíðinni en er þetta aðal fjáröflun félagsins. Leikskólanemendur komu og sérstaka forsýningu fyrr um daginn sem heppnaðist vel. Á næsta ári er áætlað að leikskólanemendur taki enn meiri þátt í árshátíðinni og að elstu nemendurnir verði með sitt eigið atriði.

Sýning á vinnu nemenda

Skólasýning, sýning á vinnu nemenda, var sunnudaginn 21. maí kl. 11-13 og var hún vel sótt að vanda. Þar var boðið upp á myndbandasýningar, kórsöng og stóðu foreldrar fyrir Pálínuboði. Auk þess var sýning á verkefnum nemenda í flestum greinum.

Sýning á verkum nemenda Grænagarðs fór fram í leikskólanum á útskriftardag nemenda 25. maí en jafnframt tóku þau þátt í samsýningu með hinum leikskólunum í Stjórnsýsluhúsinu 8.-16. júní.

Opin hús

Opið hús var tvisvar sinnum á skólaárinu, þar sem foreldrar komu og kynntu sér starfsemi leik- og grunnskólans. Eru opin hús betur sótt í leikskólanum en grunnskólanum.

Aðkeypt þjónusta

Skólarnir fá sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Einnig hefur verið keypt viðhaldsþjónusta í smærri verk.

4. Heimsóknir og ferðir

List fyrir alla

Nemendur Grænagarð og Grunnskóla Öfundarfjarðar fóru í Edinborgarhúsið á Óður, Flexa og félaga hjá Íslenska Dansflokknunum. Var það afar vel heppnað.

Háskólastein kom til Flateyrar 19. maí og fengum við nemendur 5.-10. bekkjar á Þingeyri og Suðureyri til okkar. Kennarar voru fimm námsgreinar, stjörnufræði, efnafræði, eðlisfræði, vindmyllusmíði og fréttar- og blaðamennska. Heppnaðist dagurinn sérlega vel og var frábært fyrir okkur að fá að halda þennan dag. Fræðsla Magnúsar Stefánssonar kom í maí og fóru nemendur miðstigs- og unglingastigs á fræðsluna sem haldin var á Suðureyri. Foreldrum unglingastigsins var boðið á fund á Ísafirði og foreldrum barna á miðstigi var boðið á fundinn á Suðureyri.

5. Samræmd próf

Samræmd próf í 4. og 7. bekk

Einn nemandi í 4. bekk og þrír nemendur í 7. bekk þreyttu samræmd próf í haust.

Samræmd próf í 9. bekk

Í ár þreyttu nemendur 9. bekkjar samræmd próf. Tveir nemendur þreyttu prófin sem haldin voru í mars.

6. Þróunarverkefni

Læsi til náms

Kennarar skólans tóku þátt í þróunarverkefni ásamt hinum skólunum frá Háskólanum á Akureyri sem ber heitið *Læsi til náms* síðastliðinn vetur og hafa haldið þeirri vinnu á lofti í vetur og notast mikið við aðferðirnar sem voru kenndar, einkum á yngsta stigi. Markmiðið með verkefninu er að kennarar efla þekkingu sína í fjölbreyttum aðferðum við að lesa og styrkja lesskilning með nemendum, æfi leiðir í vinnu með orðaforða, ritun, samvinnu og samræðu til náms. Einnig er lögð áhersla á að kennarar hugi með

ákveðnum hætti að áhugahvöt, sjálfstæði og ábyrgð nemenda í námi. Með þátttöku í starfsþróunarverkefninu *Læsi til náms* taka kennarar þátt í lærdómsferli, þeir ígrunda eigið starf og tileinka sér nýja þekkingu og færni við læsiskennslu í samstarfi við starfsfélaga og ráðgjafa frá HA. Unnið verður enn frekar með þetta á skólaárinu 2017-2018 og munu allt starfsfólk grunnskólans fara á námskeið í aðferðinni.

Upplýsingatækni

Ísafjarðarbær ákvað að fara í öflugt átak í upplýsingatæknikennslu fyrir nokkrum árum síðan sem hófst á því að kennarar voru þjálfaðir. Það var gert með því að kennarar fóru á námskeið og lærðu um möguleika spjaldtölva í skólastarfi þar sem áherslan var lögð á fyrstu skrefin í notkun á iPad fyrir grunnskólakennara sem vilja kynnast notkun á iPad í námi. Farið var yfir helstu möguleika sem iPad hefur upp á að bjóða fyrir grunnskóla s.s. apple-id, app-store, helstu aðgerðir á tækinu, öpp sem nýtast í skipulagningu og öpp sem nýtast í kennslu. Kennarar fengu Rakel Sölvadóttur til sín í tvö skipti til þess að læra enn meira á IPadana en við getum gert betur á næsta ári í IPada-vinnu.

Nemendur á unglingastigi hafa sína IPada, sem nýtast þeim í náminu.

Stillum saman strengi á Grænagarði

Stillum saman strengi er átaksverkefni sem allir skólar Ísafjarðarbæjar eru þátttakendur í og beinist að því að efla lestur og stærðfræði.

Á Grænagarði hefur verið unnið fjölbreytt starf í öllum hópum. Mikið hefur verið unnið með heimatilbúna leiki til örvunar, sem og aðkeypt efni. Áherslu er lögð á að allt nám í leikskólanum fari fram í gegnum leikinn, sem er aðalkennsluaðferðin.

Unnið er með þessa þætti alla daga á tímum sem eru fyrirfram ákveðnir en líka í frjálsum leik.

Þau námsgögn sem notuð eru:

Markviss málörvun e. Helgu Friðfinnsdóttur og Sigrúnu Löve

Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna e. Ásthildi Snorradóttur og fleiri.

Ljáðu mér eyra, undirbúningur fyrir lestur, e. Ásthildi Snorradóttur og Valdísi Guðjónsdóttur.

Lubbi finnur málbein, bókin er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára e. Eyrún Ísfold Gísladóttur, Þóru Másdóttur.

Lærum og leikum með hljóðin, framburðarbók með æfingum og myndum, e. Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing

Orðagull, smáforritið sem miðar að því að styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnæna úrvinnslu og máltjáningu nemenda.

Trommur og Töfrateppi, frumsamið námsefni í tónlistaruppeldi fyrir börn.

Önnur málörvunarspil og gögn sem hafa verið útbúin.

Ýmis spil og leikir, smáforrit er reyna á stærðfræði, hugtök og form.

7. Samstarf heimila og skóla

Foreldrafundir

Foreldradagar voru í grunnskólanum voru 8.- og 9. nóvember og 26.- og 27. janúar. Foreldrar voru þá boðaðir sérstaklega til viðtals við kennara.

Foreldraviðtöl í leikskólanum voru 14. og 15. febrúar.

Foreldrar/forráðarmenn fengu ákveðinn tíma hjá kennara þar sem farið var yfir stöðu nemandans, hvað er vel gert og hvað má gera betur.

Foreldrafélag

Foreldrafélög skólanna voru ekki mjög virk á þessu skólaári en foreldrafélagið kom þó að laufabrauðsbakstri, kaffi á árshátíð og kaupum á rjómaþellum fyrir nemendur beggja skóla. Á vordögum var haldinn foreldrafundur þar sem foreldrafélögin voru sameinuð og áherslum breytt. Ný stjórn Foreldrafélagsins er: Dagný Arnalds, Jón Magnússon, Eyvindur Atli Ásvaldsson og Steinunn G. Einarsdóttir. Foreldrafélagið er með hóp á facebook sem allir foreldrar eru í. Mikilvægt er að efla foreldrafélagið á næsta skólaári.

Skólaráð

Í skólaráði skólans eru: Unnur Björk Arnfjörð skólastjóri, Guðmunda Agla Júlíusdóttir og Edda Graichen fulltrúar kennara, Una Lára Waage, fulltrúi starfsfólks, Kristján Torfi Einarsson og Ívar Kristjánsson, fulltrúar foreldra, Hafdís Sigurðardóttir, fulltrúi grenndarsamfélgsins, Birna Mjöll Jónsdóttir og Magnea Björg Öfundardóttir fulltrúar nemenda. Skólaráð var ekki virkt á skólaárinu.

Viðhald

Í grunnskólanum var annar helmingur skólastofu málaður á efri gangi í vetur og þar með lauk breytingum á stofunni. Hinn helmingurinn var málaður nú í júní. Jafnframt voru teknir niður glerskápar á gangi og áætlað er að setja bóksafnið fram á gang og gera bókasafnið að kennslustofu svo allir nemendur skólans verði á sömu hæð. Jafnframt á að taka klósettin í gegn og setja hurð út í garðinn í sumar.

Skipt var um gardínur á efri hæð skólans og settar öflugar myrkvunargardínur í stað þeirra gömlu sem voru orðnar ansi lúnar.

Keypt voru ný skólaborð í vor sem væntanleg eru í sumar, auk þess sem festa á kaup á sófum, nýjum hillum og skilrúmum fyrir nemendur. Mikið af búnaði skólans er orðinn afar lélegur og því mikilvægt að skipta um þannig að skólinn uppfylli þarfir nemenda í nútíma skólaumhverfi.

Skoða þarf allar lagnir í skólanum og útbúa almennilega ræstikompú. Leki er inn í listgreinastofuna sem þarf að laga og skoða brunamál í skólanum. Á næsta ári þarf að mála starfsmannaaðstöðu, kennarastofu, skrifstofu skólastjóra, hol og salerni starfsfólks. Jafnframt þarf að laga tæki á skólalóð og gera hana betri fyrir nemendur.

Grænigarður hefur ekki hlotið mikla aðhlynningu undanfarin ár. Í sumar verður húsið tekið í gegn að utan, skipt um ónýtar spýtur og málað.

Ungbarnaróla var sett í garðinn og ný róla keypt í stað gamallar rólu. Gert var við útiljósastaur og viðgerð á girðingunni.

Það þarf að gera við gólfduka, mála að innan og dytta að Grænagarði. Útidyr eru orðnar frekar lélegar og setja þarf snjóstoppara á þak hússins þar sem það er hátt og bratt og mikill snjór hrynur af þakinu með tilheyrandi skemmdum á þakrennum og hættu fyrir börn sem eru úti í leik. Jafnframt þarf að skoða hvort endurnýja þurfi ekki innanstokksmuni.

8. Starfsmarkmið

Grunnskólinn

Grunnskóli Öfundarfjarðar hefur síðustu ár haft að leiðarljósi að efla lestur. Í tengslum við átak skóla Ísafjarðarbæjar *Stillum saman* strengi á fyrirhugað að efla eftirlit með stærðfræði og markvissari vinnubrögðum beitt við skráningu. Einnig var reynt að auka hreyfingu nemenda á skólatíma. Skólinn hélt áfram að vinna með spjaldtölvurnar og kennarar fóru á námskeið í ágúst í tengslum við þær og kom Rakel Sölvadóttir í tvær heimsóknir og aðstoðaði kennara í spjaldtölvuvinnu sinni.

- **Að bæta læsi almennt**

- Það gerum við með því að láta nemendur vinna lesskilningsverkefni jafnt og þétt yfir veturinn, hvetja nemendur til að lesa heima lágmark 15 mínútur á dag auk lestrarþjálfunar í skóla (yndislestur og upplestur fyrir kennara). Tvisvar yfir veturinn taka nemendur í 3.-8. bekk lesskilningsprófið *Orðarún*, hraðlestrarpróf eru gerð í öllum bekkjum þrisvar sinnum og er prófið samræmt frá Menntamálastofnun.

- *Viðmið okkar um bætt læsi er að nemendur bæti sig á milli prófa.*

- **Að bæta stærðfræði árangur nemenda**

- Það gerum við með því að nota markvisst kaflaprófin í stærðfræðibókunum til mæla árangur reglulega auk annarra kannana.
- *Viðmið okkar um bættan stærðfræði árangur er að nemendur bæti sig jafnt og þétt eða nái að uppfylla markmiðin sem kennari setur, t.d. nemandi í 7. bekk þarf að ná 80% í hverri könnun, ef ekki þá fær hann með sér þjálfunarefni heim og tekur svo aftur könnun viku seinna til athuga hvort markmiðinu sé náð.*

- **Að efla upplýsingatæknimennt**

- Það gerum við með því að auka notkun upplýsingatækni í allri kennslu og öllu námi nemenda.
- *Viðmið okkar um að eflingu upplýsingatæknimenntar er náð er að nemendur finni mun á kennsluháttum til hins betra, hafi meiri áhuga og sýni meira sjálfstæði og virkni í námi. Þetta verður mælt með könnun í vor.*

- **Að auka hreyfingu nemenda**

- Það gerum við með því að fara reglulega í íþróttahúsið utan íþróttatíma og auka útivist með aukinni útikennslu. Einnig verður auka danstími á viku fyrir alla nemendur og nemendur ganga eða hjóla í mat í Félagsbæ.
- *Viðmið okkar um aukna hreyfingu eru að þol nemenda aukist jafnt og þétt yfir veturinn og verður það mælt með þolprófum reglulega yfir skólaárið.*

Mat á starfsmarkmiðum Grunnskóla Önundarfjarðar

- **Að bæta læsi almennt:** Allir nemendur í 1.-4. bekk náðu viðmiðum síns árgangs og sumir vel það. Flestur nemendur í 5.-9. bekk hafa bætt sig á milli prófa en 40% hafa þó ekki náð lágmarks lesviðmiðum frá Menntamálstofnun. Í upphafi næsta skólaárs verður farið í enn frekari aðstoð við nemendur sem þurfa að bæta sig í lestri og lesskilningi og ný markmið sett. Niðurstöður Orðarúnar leiddu í ljós að nemendur eru ekki nægilega að bæta lesskilning sinn og því er mikilvægt að halda áfram að efla lesskilning nemenda með markvissum hætti. Við þurfum að fara aðrar leiðir en þær sem hafa verið farnar að undanfögnu til að ná betri árangri. Verður unnið að nýrri úrbótaáætlun í upphafi skólaárs.
- **Að bæta stærðfræði árangur nemenda:** Að mati kennara á yngra stigi gekk mjög vel í stærðfræðinni í vetur og náðu allir nemendurnir viðmiðunum og vel það. Á eldra stigi gekk ekki eins vel og náðu nemendur illa að halda áætlunum og náðu ekki markmiðum sínum. Fara þarf í verulegar úrbætur í stærðfræðikennslu á næsta ári en enginn menntaður stærðfræðikennari er við skólann og þurfa almennir kennarar aðstoð og leiðsögn í stærðfræðikennslunni.
- **Að auka hreyfingu nemenda:** Nemendur fengu tvo tíma í íþróttum á viku, einn tíma í sundi og einn í dansi. Því miður var það svo að sund og íþróttir voru kenndar sama daginn í stað þess að hægt væri að hafa markvissa hreyfingu fjóra daga vikunnar, til að spara ferðir íþróttakennara frá ísafirði. Framfarir mátti sjá á þoli nemenda í lok skólaárs og jákvæðar framfarir hjá flestum

nemendum. Flestir nemendur skólans sótti jafnframt fimleikaæfingar sem voru í boði eftir áramót hjá Íþróttafélaginu Gretti. Allir nemendur fengu auka hreyfingu með því að ganga í 10-15 mínútur í hádegismat alla daga. Skilaði það sé í einbeittari og hressari nemendum eftir hádegi. Verður sami háttur hafður á næsta vetur auk þess sem bæta á einum tíma í útivist í viku hjá öllum nemendum. Ekki náðist að fá íþróttakennara þetta árið en á næsta skólaári verður skólasund kennt í tveimur lotum, að hausti og vori og fenginn menntaður íþróttakennari til þess að kenna það. Annars verða íþróttir kenndar af almennum kennurum.

- **Að efla upplýsingatæknimennt:** Könnun var lögð fyrir nemendur á skólaárinu 2015-16 og voru almennt niðurstöðurnar jákvæðar, nemendur telja að námið sé fjölbreyttara með notkun Ípada og tölvu, þeim finnst gaman að vinna með þessi tæki og vilja halda áfram að nýta sér tæknina í skólanum. Sérstaklega tóku nemendur fram að verkefni sem þeir gerðu í íslensku og samfélagsfræði voru mjög skemmtileg. Nemendur voru líka spurðir í hvað þeir notuðu Ípadinn. Samkvæmt nemendunum er hann helst notaður í að leita upplýsinga á netinu, glósa úr námsefninu (hjá þeim nemendum sem eru með Ípad), taka ljósmyndir og myndbönd og vinna með þau í verkefnagerð. Einnig er hann notaður til að lesa, fara á Skype, í leiki og svo vinna með almenn kennsluforrit. Ekki var slík könnun lögð fyrir á þessu ári en áætlað er að gera svo á haustmánuðum. Þarf að auka notkun Ípadanna í að nemendur geti notað þá sem hljóðbækur – og eða stækkað texta rafróka sem hentar nemendum með lestrarörðugleika mjög vel.

Leikskólinn

- ✓ Leggja áherslu á vellíðan barna og gleði og byggja á styrkleika þeirra og hæfni
- ✓ Efla málþroska, auka málskilning og orðaforða
- ✓ Að efla sjálfstæði (sjálfstæði í daglegum athöfnum)
- ✓ Að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi (íþróttatími, dans, útvera á hverjum degi)
- ✓ Vekja áhuga á sjálfinu, öðrum og umhverfinu
- ✓ Læra um líkama sinn og nánasta umhverfi.

Fyrir utan meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla var unnið með þemað „Ég sjálf/ur og líkaminn minn.“ Þessi markmið voru framkvæmd í samverustundum, hópastarfi og þeim þáttum starfsins þar sem við átti.

Mat á starfsmarkmiðum Leikskólans Grænagarðs

Miðað við þá manneklu og breytingu á starfsmannahaldi í haust og vetur þá gekk ágætlega að halda starfsmarkmiðum leikskólans. Kennarar voru duglegir að nýta hvert tækifæri sem gafst til þess að efla málþroskann með því að tala við börnin, lesa fyrir þau og búa til nýjan orðaforða dag hvern.

Vel gekk að efla hreyfingu barnanna bæði í íþróttum og dansi og fóru þau alltaf út.

Kennarar voru líka duglegir að nýta tækifærið og bregða út af hefðbundinni dagskrá leikskólans þegar börnin komu með hugmyndir að því að gera hluti s.s. rækta blóm, fara í gönguferðir, týna rusl eða hvað annað sem þau sáu í umhverfi sínu.

Þemaverkefnið tókst vel til.

Starfsmats

Á þessu skólaári varð því ekki komið við að skólarnir ynnu innra starfsmat vegna ýmissa ástæðna.

Í október og apríl tóku nemendur í 6.-9. bekk þátt í Skólapúlsinum. Útkoma Skólapúlsins er að mati skólustjóra ekki nægjanlega góð en nemendur GÖ hafa enn ánægju af lestri þrátt fyrir að útkoma úr lestarprófum sé ekki enn nægjanlega góð. Þennan áhuga nemenda á lestri er brýnt að nýta sem hvatningu til að gera betur.

Hins vegar vinna þarf í þrautseigju í námi og trú á eigin vinnubrögð og getu. Sjálfstraust nemenda er lítið, þeim líður ekki nógu vel og nú sjást merki um einelti sem ekki hefur verið til staðar. Nefna nemendur helst að það eigi sér stað utan skólatíma en einnig í íþróttum. Hreyfingu og heilbriggt matarræði utan skóla þarf að bæta en rannsóknir hafa sýnt að bæði hreyfing og hollt matarræði bæti líðan.

Skóla- og bekkjarandi er á niðurleið og er ekki góður samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins. Í opnu svörunum kemur margt jákvætt fram en líka að það séu samskiptavandræði milli kennara og nemenda. Það er ljóst að samkvæmt þessum niðurstöðum líður mörgum nemendum ekki vel í skólanum. Þessi útkoma Skólapúlsins er litin alvarlegum augum og verður strax ráðist í aðgerðir um leið og skóli hefst að nýju. Fyrsta skrefið er að fá Jónínu námskráðgjafa til liðs við okkur og halda fund með nemendum og kennurum.

Ekki var lögð fyrir könnun meðal foreldra þar sem svörun þeirra hefur verið fremur léleg undanfarin ár og foreldrar kvartað yfir að svör þeirra gætu mögulega verið rekjanleg. Skólinn mun þó leggja reglulega fyrir slíkar kannanir, bæði fyrir foreldra og starfsfólk

Starfsmannasamtöl voru haldin í mars og apríl og var starfsfólk almennt ánægt í sinni vinnu. Þær ábendingar sem komu úr þeim samtölum verða nýttar áfram næsta vetur til að bæta líðan starfsfólks.

Gjafir

Kvenfélagið Brynja á Flateyri gaf grunnskólanum sjónvarpstæki. Kiwanesklúbburinn og kvenfélagið gáfu gjafir til leikskólans m.a. ungarnarólu.

9. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Grunnskóla Öndarfjarðar gerði ráð fyrir rúmlega 53 milljónum króna. Fór tæpar fjórar milljónir fram úr áætluninni sem skýrist að mestu af launakostnaði. Hið sama á við um Grænagarð, en gert var ráð fyri tæplega 37 milljónum sem fóru tæplega þremur milljónum fram úr áætlun.

10. Lokaorð

Þetta skólaár er fyrsta árið sem undirrituð stýrir leik- og grunnskólunum á Flateyri. Var þessi vetur mjög þungur fyrir nýjan stjórnanda. Þegar mikið er að gera þá verða alltaf einhverjir hlutir útundan. Þegar sjálfsmatið er skoðað má glögg sjá að lítil eftirfylgini var með ýmsum þáttum þess. Ég hef strax hafist handa við að gera innra mat skólanna beggja markvissara á nýju skólaári og í því sameiningarferli sem stofnanirnar er að fara inní. Mitt helsta markmið sem stjórnanda var að hafa alltaf nemandann og það sem skiptir mestu fyrir hann að leiðarljósi. Ég hef séð á þessu fyrsta ári mínu á Flateyri að mörgum börnum líður ekki nægilega vel og á því þarf strax að taka. Barn sem líður illa á ekki auðvelt með að festa hugann við námið.

Flateyri, 3. júlí, 2017

Unnur Björk Arnfjörð, skólastjóri.

Fylgigögn: Skóladagatal leik- og grunnskólans 2016-2017

Skóladagatal 2016 - 2017

Nafn skóla: **Grunnskóli Öndarfjarðar**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
Friðdagur verslunarmanna	1 F	1 L	1 Þ <i>Lestrarpróf</i>	1 F <i>Fúlveldisdagurinn/opinn dagur</i>	1 S <i>Nýársdagur</i>	1 M	1 M <i>Þósdagur/startsdagur/ Þrósdagur</i>	1 L	1 M <i>Verkalýðsdagurinn</i>	1 F <i>Frágangur</i>
	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F <i>Lestrarpróf</i>	2 F	2 S <i>Dagur barnabókarinnar</i>	2 Þ	2 F
	3 L	3 M	3 F <i>Orðarín</i>	3 L	3 Þ	3 F <i>Dagur stærðfræðinnar</i>	3 F	3 M	3 M	3 L
	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M <i>Skóli hest jólafrí</i>	4 L	4 L	4 Þ <i>Lestrarpróf</i>	4 F	4 S <i>Hvítasunnud/Sjómennad.</i>
	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M <i>Annar í Hvítasunu</i>
	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F <i>Þrettándinn</i>	6 M <i>Dagur leikskólans</i>	6 M	6 F	6 L	6 Þ
	7 M	7 F <i>Þr hjóla lítú skólanna</i>	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ <i>Samræmd próf 9-10 ísl</i>	7 F <i>Röndóttur dagur</i>	7 S	7 M
	8 F <i>Dagur læsis/Lestrarpróf</i>	8 L	8 Þ <i>Baráttud gegn einelti/foreldravíðtöl 1.5</i>	8 F	8 S	8 M	8 M <i>Samræmd próf 9-10 ens</i>	8 L	8 M	8 F
	9 F	9 S	9 M <i>Foreldravíðtöl 1.5</i>	9 F <i>Rauður dagur</i>	9 M	9 F	9 F <i>Samræmd próf 9-10 stæ</i>	9 S <i>Plámasunnudagur</i>	9 Þ	9 F
	10 L	10 M	10 F <i>Starfsdagur</i>	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L
	11 S	11 Þ	11 F <i>Vetrarfrí</i>	11 S	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S
	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F <i>Náttfötadagur</i>	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M
	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M <i>Starfsdagur</i>	13 M	13 F <i>Skírdagur</i>	13 L	13 Þ
	14 M	14 F <i>Starfsdagur</i>	14 M <i>Vetrarfrí</i>	14 M <i>Lestrarpróf</i>	14 L	14 Þ <i>Foreldravíðtöl 1.5</i>	14 Þ	14 F <i>Föstudagurinn langi</i>	14 S	14 M
Undirbúningur	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M <i>Foreldravíðtöl 1.5</i>	15 M	15 L	15 M	15 F
Undirbúningur	16 F <i>Dagur íslenskrar náttúru</i>	16 S	16 M <i>Dagur íslenskrar tungu</i>	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S <i>Þráskadagur</i>	16 Þ <i>Lestrarpróf</i>	16 F
Undirbúningur	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F <i>Blár og blekur dagur</i>	17 M <i>Annar í Þráskum</i>	17 M <i>Orðarín</i>	17 L <i>Lýðveldisdagurinn</i>
Undirbúningur	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ <i>Skóli hest eftir páskafrí</i>	18 F	18 S
Undirbúningur	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S <i>Konudagur</i>	19 S	19 M	19 F	19 M
	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ <i>Lítlu jóla</i>	20 F <i>Böndadagur</i>	20 M	20 M	20 F <i>Sunnudagurinn fyrsti</i>	20 L	20 Þ
	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S <i>Skólasýning</i>	21 M
Skólasýning kl. 10 Víðtöl	22 F <i>Samræmd próf 7.b ísl</i>	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F
	23 F <i>Samræmd próf 7.b stæ/Gulur dagur</i>	23 S	23 M	23 F <i>Þorláksmessa</i>	23 M	23 F	23 F <i>Árshátíð x 2</i>	23 S	23 Þ	23 F
	24 L	24 M	24 F	24 L <i>Adfangadagur jóla</i>	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L
	25 S	25 Þ	25 F	25 S <i>Jóladagur</i>	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F <i>Uppsýningardagur</i>	25 S
	26 M <i>Evrópski tungumáladagurinn</i>	26 M	26 L	26 M <i>Annar í jólum</i>	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F <i>Vorlerð</i>	26 M
	27 Þ	27 F <i>Bangsadagur</i>	27 S	27 Þ	27 F	27 M <i>Bolludagur</i>	27 M	27 F	27 L	27 Þ
	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ <i>Sprennidagur</i>	28 Þ	28 F	28 S <i>Starfsdagur/ Skólasit kl. 17</i>	28 M
	29 F <i>Samræmd próf 4.b ísl</i>	29 L	29 Þ	29 F	29 S		29 M	29 L	29 M	29 F
	30 F <i>Samræmd próf 4.b stæ</i>	30 S	30 M	30 F	30 M		30 F	30 S	30 Þ <i>Frágangur</i>	30 F
		31 M <i>Búningadagur</i>		31 L <i>Gamlársdagur</i>	31 Þ		31 F <i>Furðufatadagur</i>		31 M <i>Frágangur</i>	
8	22	20	20	14	20	20	23	13	20	180

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2016 - 2017

Nafn leikskóla: Grænigarour

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Frídagur íslenska mánaða	1 F	1 L	1 Þ	1 F Fríðeildadagur	1 S Hóladagur	1 M	1 M Önnudagur	1 L	1 M Veikisfrídagur	1 F	1 L
2 Þ	2 F Hóladagur	2 S	2 M	2 F	2 M Stærsti dagur í - í krókinn	2 F	2 F	2 S Dagur í barnabókabókun	2 Þ	2 F	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ Skóli opnar kl 10	3 F Dagur stærstefnunar	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 Þ	4 F Stund og segh	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Húsnæðisgæmsla	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M Áttundugur	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Þrettándi	6 M Dagur leikskóla	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F Rindóttur dagur	7 S	7 M	7 F
8 M Stærsti dagur í	8 F Dagur íslens	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ Skóli opnar kl 8	9 F	9 S	9 M	9 F Jólakaffínaður dagur	9 M	9 F	9 F	9 S Þrettándi	9 Þ	9 F Græn dagur	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ	11 F dagur íslenska mánaðar	11 S	11 M	11 L	11 L 112 dagur	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F Ópló hugur	12 M	12 M
13 L	13 Þ	13 F Fríðeildadagur	13 S	13 Þ	13 F Spila dagur	13 M Stærsti dagur í - í krókinn	13 M	13 F Skóladagur	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F Húsnæðisgæmsla - í krókinn	14 M	14 M	14 L	14 Þ Foreldraviðtöl	14 Þ	14 F Foreldraviðtöl	14 S	14 M	14 F
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M Foreldraviðtöl	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F Dagur íslenska mánaðar	16 S	16 M Dagur íslenska mánaðar	16 F	16 M	16 F Foreldraviðtöl	16 F	16 S Þess dagur	16 Þ	16 F Þess dagur	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F Blár og bláur dagur	17 M Áttundugur	17 M	17 L Þess dagur	17 M
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S Þess dagur	19 S	19 M	19 F Óttundugur	19 M	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F Þess dagur	20 M	20 M	20 F Þess dagur	20 L	20 Þ	20 F
21 S	21 M	21 F Þess dagur	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F Þess dagur	22 L
23 Þ	23 F Gullur dagur	23 S	23 M	23 F Þess dagur	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F Þess dagur	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L Áttundugur	24 Þ	24 F Þess dagur	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F	25 S	25 Þ	25 F Þess dagur	25 S Þess dagur	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F Þess dagur	25 S	25 Þ
26 F	26 M Þess dagur	26 M	26 L	26 M Áttundugur	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F Þess dagur	26 M	26 M
27 L	27 Þ	27 F Þess dagur	27 S	27 Þ	27 F Þess dagur	27 M Þess dagur	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ Þess dagur	28 Þ	28 F Þess dagur	28 S	28 M	28 F
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S		29 M	29 L	29 M Stærsti dagur í - í krókinn	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M		30 F	30 S	30 Þ	30 F Þess dagur	30 S
31 M		31 M		31 F Þess dagur	31 Þ		31 F Þess dagur		31 M		31 M